

Stjórn Stjórnsýsluhússins á Ísafirði

Miðvikudagur 26. júní 2024 kl. 10.30

Mættir: Jónas, Bryndís, Magnús, Friðrik

1. Ákvörðun um kaup á þrifum á gluggum og útveggjum hússins.

Ákveðið að ganga til samninga við Sólar um kústaþrif á gluggum og kústaþrif á klæðningu á suðvesturhorni sumarið 2024.

Ritara falið að samþykkja tilboð við Sólar.

2. Rakatæki, kostir í stöðunni.

Farið yfir kvartanir starfsmanna vegna þurrs lofts. Sama sagan á öllum hæðum. Mikill þurrkur í lofti. Ákveðið að fara að ráðum sérfræðinga Verkís um að bæta ekki rakagjöf inn í loftkælikerfi vegna hættu á myglumyndun í húsinu.

Rætt um að hver starfsstöð kaupi frekar rakatæki til að hafa í sínum rýmum, skoðaðar lausnir frá Smith og Norland og Eirberg. Sama með viftur á hverri starfsstöð til að koma loftinu á hreyfingu. Jafnframt rætt um lausnir eins og stórar grænar plöntur til að auka rakastig á starfsstöðvum.

Formanni falið að kynna málið fyrir starfsstöðvar hússins.

3. Hjólaskýli. Framhald skoðunar.

Í ljósi kostnaðar við hjólaskýli og fyrirhugaðra stórra viðhaldsverkefna ákveður stjórn að skoða frekar að skipta út núverandi hjólagrindum fyrir betri grindur báðum megin við hús.

Ritara falið að skoða lausnir.

4. Uppsetning kerfislofts. Staða undirbúnings.

Beðið enn eftir teikningum og tölum. Nauðsynlegt að setja upp nýtt brunavarnarkerfi og ný ljós þar sem perur eru ófánlegar. Auk þess er vonast eftir betri hljóðvist og loftgæðum. Vonast eftir að skipulagning fari fram á árinu 2024 og að hægt sé að vinna að endurnýjun árið 2025.

Máli frestað til næsta fundar.

5. Framhald umfjöllunar um nauðsynleg viðhaldsverkefni.

Beðið upplýsinga frá húsverði um forgangsröðun viðhaldsverkefna. Jafnframt rætt um að það vanti broddastöng vestast á þak hússins. Formaður kannar af hverju ekki var klárað út á horn.

Máli frestað til næsta fundar og húsvörður boðaður á þann fund.

6. Mötuneyti

Tekið fyrir erindi hótelsstjóra um endurnýjun leigusamnings matsalar vegna mötuneytis í húsinu. Stjórn ræðir um mötuneytið og hvort rétt sé að endurskoða fyrirkomulagið, uppfærslu á eldhúsi og fleiri atriði.

Formanni falið að kalla hótelsstjóra til fundar við stjórn í ágúst.

7. Leiga á mötuneyti til Hótel Ísafjarðar um helgar í sumar.

Tekin fyrir beiðni Hótel Ísafjarðar um að fá að nýta mötuneytissal um helgar í sumar fyrir hádegismat starfsmanna hótelsins.

Stjórn samþykkir beiðni með þeim forsendum sem fram koma í erindi, um er að ræða tvo hópa af starfsmönnum, hvort með sinn yfirmann sem ber ábyrgð á hópnum og aðgangskorti, þó með skilyrði um hækkaða leigu umrædda mánuði.

Formanni falið að ræða við hóteltjóra um málið.

8. Útleiga á sal á 4. hæð. Búnaður og samskipti.

Vantar inn í búnað í eldhúsi ef leigja á salinn út fyrir samkomur, auk þess sem þrifum var ábótavant. Þyrfti að vera til gátlisti yfir búnað sem á að vera til.

Gjaldkera falið að kanna hvar sérmerktur borðbúnaður hefur verið pantaður.


Formanni falið að boða húsvörð til næsta fundar vegna málsins.

9. Önnur mál


- Búnaður í sal á 4. hæð
 - Ritara falið að kanna verð á nýjum skjá fyrir 4. hæð.
- Bílastæðavandi, utanaðkomandi bílum lagt á svæði Stjórnsýsluhúss og því oft ekki stæði fyrir starfsmenn.
 - Málinu frestað til næsta fundar. Formanni falið að boða húsvörð til fundar um mögulegar lausnir.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudagur 21. ágúst 2024, kl. 10.30.


Fundi slitið kl. 12.00.




Jónas B. Guðmundsson



Hallgrímur Magnús Sigurjónsson



Bryndís Ósk Jónsdóttir



Friðrik Þórir Hjaltason